

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 41. fundur skólanefndar

13. janúar 2009

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Björg Ágústsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Magnús Már Leifsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

Guðbjörg Aðalbergisdóttir setur fundinn og biður alla velkomna. Fyrsta mál á dagskrá er formannskjör. Kjartan Páll var endurkjörinn samhljóða. Guðbj. las upp skipunarbréf frá menntamálaráðuneyti varðandi skólanefnd og varamenn hennar. Ráðuneytið skipar Erlu Ósk Ásgeirsdóttur, Önnu Bergsdóttur og Örvar Má Marteinson sem varamenn skólanefndar. Áður voru skipaðir Eypór Benediksson og Gísli Ólafsson varamenn.

1. Upphaf vorannar, nemendatölur og nýir kennarar

Nýir kennarar eru Unnur Sigmarsdóttir raungreinakennari og Þorsteinn Eypórsson spænskukennari í 50% stöðu. Þorsteinn er ráðinn fram á vorið. Barbara og Þorsteinn munu kenna saman í janúar en Barbara er að fara í fæðingarorlof. Spænskukennsla á haustönn er enn í vinnslu.

Nemendur á vorönn 2009 eru 257, þar af eru 33 dreifnemar og 33 10. bekkingar. Dagskólanemendur eru 155. Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2008 voru 312. Það virðist frekar vera fækkun í dreifnámi og vélstjórnarnemendur eru ekki í námi lengur. Fimm nemendur eru í námi frá Kvíabryggju. Við höfum sinnt þessu hér þrátt fyrir að engar sérstakar fjárveitingar séu fyrir því. Skólanefnd er sammála um að það sé hlutverk skólans að koma til móts við nemendur á svæðinu og nemendur á Kvíabryggju tilheyra því. Aðeins er veitt lágmarkspjónusta meðan ekki er aukafjárveiting. Vilji er til þess að gera enn betur við þennan hóp nemenda en til þess að það væri hægt þarf auka fjármagn.

2. Fjármál

Hagræðing í áföngum og kennsluframboð hefur verið minnkað fyrir vorönn 2009. Aðeins var farið af stað með hagkvæma áfanga. Þó svo kennsluframboð hafi verið minnkað var ýmislegt nýtt og spennandi eins og til dæmis rússneska og heimspeki.

Halli fyrir árið 2008 er 23 milljónir. Áætlaðir ársnemendur voru 185 en urðu í raun 198. 13 ársnemendur, 959.000,- eru 12,5 milljón. Einnig var starfsbraut með 6 fatlaða nemendur og 4,3 stöðugildi sem eru um 6 milljónir. Líklegt er að við fáum greiddan þennan mismun, sérstaklega þann mismun sem skapaðist vegna fleiri ársnemenda en áætlað var. Líklegt er að árið endi með 6,3 milljónir í halla.

3. Önnur mál

Laus er til umsóknar staða skólameistara við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Þetta er síðasti fundur Guðbjargar. Skólanefnd mun fá umsóknirnar í hendurnar og boða til fundar í kjölfarið.

Magnús Már talaði um starf nemendafélags Fjölbautaskóla Snæfellinga (NFSN). FSN og VMA munu keppa í Gettu betur næst komandi fimmtudag á Rás 2. FSN vann sína viðureign í Morfís en var sigurinn kærður. Kæran var svo dregin tilbaka og eftir stendur FSN sem sigurvegari. Næsta viðureign í Morfís er við MÍ, líklegast hér í Grundarfirði 30. janúar. Þemadagar verða í febrúar og mun þeim ljúka með árs hátíð NFSN. Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin í mars á Akureyri. Fjárhagslega stendur NFSN ágætlega.

Sólrún Guðjónsdóttir tilkynnti að von væri á heimsókn erlendra vina í mars á vegum SNÆ-verkefnisins.

Björg Ágústsdóttir spurði hvort einhver fjölmiðlakúrs væri kenndur í FSN, en svo er ekki. Hugmynd hennar var sú að kannski væri hægt að koma á einhverju samfélagsverkefni þar sem að nemendur myndu hafa innlegg í staðarblöðin.

Borið var undir skólanefnd hvort ekki ætti að fara í útboð á rútuakstri í vor. Ekki hefur tekist að fá undirritaðan samning við TREX. Tap vegna rútuaksturs er niðurgreitt á hverju ári af sveitarfélögunum í kring. Skólinn ætti ef til vill að móta sér samgöngustefnu og reka áróður með rútuakstri til þess að reyna að ná fram einhverri hagræðingu. Meðan LÍN greiðir jöfnunarstyrk og foreldrar greiða bensín er þetta frekar erfið barátta. NFSN gæti sent hagsmunapóst og hvatt til rútuaksturs.

Í febrúar á að stofna foreldraráð og gæti það tekið að sér að að hvetja forelda og nemendur til þess að taka rútna.

Fundi slitið kl. 18:00 og Guðbjörgu færðar þakkir og gjöf fyrir vel unnin störf. Næsti skólanefndarfundur boðaður af næsta skólameistara.